

100 ára afmælisþing HSH

Laugardaginn 22. apríl síðastliðinn var héraðsþing Héraðssambands Snæfellsnes og Hnappadalssýslu haldið á Lindartungu í Kolbeinsstaðarhreppi. HSH var stofnað í Lindartungu fyrir um 100 árum eða í september árið 1922. Það var ágætis þátttaka á þinginu og fóru fram góðar umræður um málefni sambandsins. Hlutverk og stefna sambandsins á komandi árum var til umræðu en á verðandi íþróttapeingi ÍSÍ liggur fyrir tillaga um breytta skipan íþróttahéraða. Hlutverk íþróttahéraða hefur beyst í gegnum tíðina og er það því í endurskoðun. Fulltrúar frá ÍSÍ sátu fundinn og flutti Andri Stefánsson kveðju fyrir hönd ÍSÍ. Hann veitti Guðmundi M. Sigurðssyni gullmerki

ÍSÍ fyrir sjálfbóðaliðastarf í þágu HSH og Ungmennafélagsins Eldborgar. Guðmundur G. Sigurbergsson frá Ungmennafélagi Íslands flutti ávarp með kveðju UMFÍ og veitti Hörpu Jónsdóttur gullmerki UMFÍ fyrir starf sitt í þágu ÍM.

Viðurkenning var veitt fyrir Íþróttamann ársins 2022 en það var Rebekka Rán Karlsdóttir úr Snæfelli. Hún var einnig kosin Körfuboltamaður ársins. Aðalheiður Lára Guðmundsdóttir úr Skotíþróttafélagi Snæfellsness var kosin Skotíþróttamaður HSH 2022 og Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir úr Snæfelling er Hestiþróttamaður ársins. Kylfingur ársins 2022 er Sigurþór Jónsson úr Vestarr og Konráð Ragnars-



son úr Víking Ó. er Knattspyrnumaður ársins 2022. Skíðafélag Snæfellsness fékk viðurkenningu fyrir að vera Vinnubjarkur HSH 2022 en sú viðurkenning er fyrir öflugt starf í þágu íþróttar og uppbyggingu. Kosin var í stjórn og varastjórn félagsins og héldust þær óbreyttar. Samþykkt var á þinginu að bæta inn í reglugerð HSH að aðildarfélög skyldu hédan í frá einnig tilnefna sjálfbóðaliða ársins.

Farið var yfir ársreikning

HSH á þinginu og var hagnaður ársins rúmar 2 milljónir. Samþykkt var að greiða aðildarfélögum lottógreiðslur upp á 7,4 milljónir. Stærsta verkefni HSH á næstunni er Landsmót 50+ sem haldið verður í Stykkishólmi 23.-25. júní 2023. Hvetur HSH alla til að skrá sig og taka þátt enda fjölbreyttar greinar og skemmtileg dagskrá í boði fyrir þátttakendur.

Myndina tók Sverrir Karlsson. JJ

STÓRI PLOKK DAGURINN
#PLOKK2023

Fegrum umhverfið á Snæfellsnesi
30. apríl 2023

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Svæðisgarðurinn Snæfellsnes og Umhverfivottun Snæfellsness hvetja íbúa til að plokka og fegra nærumhverfi sitt í tilefni af stóra plokkeginum sunnudaginn 30. apríl.

#plokkasnaefellsnesi

SNÆFELLSNES

Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Hætta rekstri Söluskálans

Í rúmlega 20 ár hafa hjónin Ólína Björk Kristinsdóttir og Þórður Stefánsson staðið vaktina í Söluskála ÓK. Nú standa þau á tímamótum en eftir helgi munu þau hætta rekstri sjoppunnar. Þegar þau byrjuðu í rekstri buðu þau aðallega upp á hamburgara og franskar. Með tímanum bættist á matseðilinn, breytingar urðu á húsnæði og vöruúrvali en það var alltaf hægt að treysta á sömu góðu þjónustuna. Samkvæmt hjónunum er framtíð húsnæðisins enn óljós en nokkrir aðilar hafa sýnt þessu tækifæri áhuga. Vonir standa til að svipuð starfsemi verði í húsinu en ekkert hefur verið staðfest. Dyrnar munu að öllum líkindum opnast að nýju í maí og verður spennandi að fylgjast með hvernig það þróast. Þau vonast til að sjá áfram líf í húsnæði Söluskála ÓK enda gott andrúmsloft og stemming sem hefur verið þar við lýði í fjölmörg ár. Ákvörðunin um að hætta rekstri var ekki auðveld enda hefur Söluskálinn verið partur af fjölskyldulífi þeirra um langt skeið. Þau settu niður dagsetningu fyrir lokun og ákváðu að standa við hana. Það er óneitanlega mikil skuldbinding sem fylgir rekstri sem þessum enda opið frá morgni til kvöldis. Líf þeirra hefur einkennst af mikilli vinnu undanfarin ár og

segjast þau ánægð að fá að hætta á meðan þau eru enn í góðu formi. Þau hlakka til að hafa meira vald yfir frítíma sínum en hafa ekki tekið ákvörðun um hvað taki við eftir lokun. Þau ætla að sjá hvað lífið hefur upp á að bjóða, eru opin fyrir öllu og segjast spennt að prófa nýja hluti. Áður en að því kemur munu þau fara í smá frí og ætla að eiga tíma fyrir sig sjálf og fjölskylduna.

Ólína og Þórður búa að reynslu í verslunargeiranum sem fæstir hafa. Þórður vill meina að ef þú hefur trú hugmynd þinni þá sé það alltaf þess virði að taka sénsinn. Hann segir að þetta geti verið mikil vinna og miklar fórnir sem fylgja starfsemi en að það sé þess virði.

Sjálfr segjast þau hafa verið einstaklega lánsöm með starfsfólk í gegnum tíðina og hafa til dæmis verið með þrjár kynslóðir sömu fjölskyldu í vinnu, ömmu, mömmu og dóttur, það var þó ekki á sama tíma. Flestir sem hafa unnið hjá þeim hafa stoppað lengi, oftast voru þetta ungar stelpur sem voru í vinnu með skóla og voru það allt góðir starfsmenn. Þau hafa lagt sig fram við að vera heiðarleg við starfsfólk sitt og getur undirrituð vottað fyrir það.

Söluskálinn hefur verið stór



hluti af þeirra lífi í langan tíma og fjölskyldan öll tekið þátt. Aðspurð segja þau að þau munu sakna kunnans mest. Þó að Söluskálinn hafi verið vinsæll meðal ferðamanna þá hafi þau alltaf einblínt á heimafólkið og byggt reksturinn á því. Þau eru þakklát fyrir að hafa notið trausti af hálfu bæjarbúa og vilja koma þökkum á framfæri til allra viðskiptavina. Einnig munu þau sakna litlu stubbana sem hafa komið á laugardögum til að velja sér bland í poka. Sumir þessara stubba eru orðnir fullorðnir einstaklingar í dag og hafa haldið í þennan sið með börnunum sínum. Á vorin hafa

þau haft þann sið undanfarin ár að gefa krökkunum af leikskólunum ís og munu þau sakna þess að taka ekki á móti þeim í framtíðinni.

Heilt yfir eru þau þakklát fyrir bæjarbúa Snæfellsbæjar sem hafa gert sjoppuna að því sem hún er í dag. Þau kveðja með þakklæti í huga fyrir góð rekstrarár og gæfu í starfi. Arin hafa einkennst af trausti, vináttu og vinalegu viðmóti heimamanna. Bæjarbúar flestir eiga góðar minningar úr Söluskála ÓK og vonandi fá komandi kynslóðir að upplifa það áfram.

JJ

Getraunir 1x2

Ílla gengur hjá spekingunum okkar að hitta á réttu úrslitin. Aðeins einn aðili náði 10 réttum úrslitum á laugardaginn, sem gaf ekki há verðlaun, en molar eru líka brauð eins og sagt er. Núna eru aðeins 5 leikhelgar eftir í enska boltanum, þannig að það eru að verða síðustu forvöð að bæta upp vinninga leysið í vetur. Finna þarf einhvern getspakan heppnis aðila úr hópnum til að fylla út seðilinn og þá smellur þetta. Sjáum til. Við höldum áfram og mætum sem

fyrir á laugardaginn með kaffi á könnuni í Áttthagastofuna á milli klukkan 11.00 og 12.00 og hvetjum fólk að koma og henda táknum á seðil. Hver röð kostar aðeins 13 krónur.

Við viljum minna á að það styttist í annarskonar hugarleikfimi hér heima, það er skákmótið, sem verður haldið 6. maí og hvetjum fólk til að fylgjast með þeim viðburði.

Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Bifreiðuverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677


Betra fyrir bílinn

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 20.07 – 05.08
Allar upplýsingar veita
Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

 854 2211

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is



Húsnæði til leigu!

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga bs.
auglýsir til leigu
húsnæði sitt að Ólafsbraut 19, Ólafsvík
þar sem „Smiðjan“ er til húsa í suðurenda neðri hæðar.

Áhugasamir hafi samband við undirritaðan
sem veitir frekari upplýsingar.

Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS
s. 430 7800, sveinn@fssf.is

Upplstrarkeppni 7. bekkjar í GSNB

Upplstrarkeppni 7. bekkjar
í Grunnskóla Snæfellsbæjar fór
fram í húsnæði skólans í Ólafsvík

mánudaginn 24. apríl. Um er að
ræða uppskeruhátíð bekkjarins
eftir miklar lestraræfingar í etur.



Nemendur lásu upp úr samfelldri
sögu og ljóð af eigin vali fyrir gesti
og dómnefnd. Dómnefndina skip-
uðu Elva Ösp Magnúsdóttir, Sig-
urbjörg Jóhannsdóttir og Séra
Ægir Örn Sveinsson. Það voru þau
Diljá Fannberg Þórsdóttir, Stef-
án Arnar Jóhannesson og Vik-
ingur Elís Oddsson sem komust
áfram í Stóru upplstrarkeppni-
na og Alexía Ósk Óskarsdóttir var
valin sem varamaður. Lokahátíðin
verður haldin í Ólafsvíkirkirkju

fimmtudaginn 27. apríl og munu
nemendurnir þá etja kappi við
þrjá nemendur úr 7. bekk Grunn-
skólans í Stykkishólmi og Grunn-
skóla Grundarfjarðar í upplestri.
Á meðfylgjandi mynd eru fulltrúar
Grunnskóla Snæfellsbæjar ásamt
kennurum sínum Guðrúnu Önnu
Oddsdóttur, Guðrúnu Jenný Sig-
urðardóttur og Hildi Sveinbjörns-
dóttur.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

1. maí 2023

Réttlæti - Jöfnuður - Velferð

1. maí samkomur Verkalýðsfélags Snæfellinga,
Kjalar og Sameyki verða haldnar sem hér segir:

Í Stykkishólmi hefst dagskráin kl. 13.30 á Hótel Stykkishólmi

Kynnir: Dallilja Inga Steinarsdóttir,
fulltrúi Verkalýðsfélags Snæfellinga
Ræðumaður: Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS

- Tónlistaratriði, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson
- Tónlistaratriði úr Tónlistarskóla Stykkishólms
- Kaffveitingar

Í Grundarfirði hefst dagskrá kl. 14.30 í Samkomuhúsinu

Kynnir: Garðar Svansson,
fulltrúi Sameykis stéttarfélags
Ræðumaður: Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS

- Tónlistaratriði, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson
- Tónlistaratriði úr Tónlistarskóla Grundarfjarðar
- Kaffveitingar að hætti Gleym-mér-ei



Í Snæfellsbæ hefst dagskrá í Klifi kl. 15.30

Kynnir: Helga Hafsteinsdóttir fulltrúi Kjalar stéttarfélags
Ræðumaður: Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri SGS

- Tónlistaratriði, Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson
- Tónlistaratriði úr Tónlistarskóla Snæfellsbæjar
- Kaffveitingar að hætti eldri borgara

Félagsmenn og aðrir íbúar eru hvattir til að mæta og eiga saman góðan dag.

Börn verða að vera í fylgd með fullorðnum.